

Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. haldinn miðvikudaginn 3. apríl 2019 kl. 13 á Hótel Hamari, Borgarbyggð.

Formaður Kristinn Jónasson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Björgu Ágústsdóttur sem fundarstjóra og Hrefnu B Jónsdóttur sem ritara.

Hrefnu falið að koma kjörbréfum til fundarstjóra auk þess að vinna að störfum kjörnefndar, ásamt Lindu Pálsdóttur, sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit.

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

Kristinn Jónasson, formaður fór með skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf. Sjá nánar í framhaldi fundargerðar.

Fundartjóri fór yfir þau kjörbréf sem komin voru til fundarstjóra og gerði það að tillögu sinni að í þeim tilfellum sem ekki væru kjörbréf til staðar að framkvæmdarstjórar sveitarfélaganna yrðu fulltrúar á aðalfundi félagsins. Samþykkti fundurinn það.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Heildartekjur félagsins eru 127.834.304 kr. Rekstrargjöld eru 76.799.244 kr. fjármunatekjur 6.593.613 kr. og tekjuskattur 11.529.154 kr. Hagnaður ársins 46.099.519 kr. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir grænu bókhaldi ársins 2018.

Í umræðum um skýrslu stjórnar var komið inn á vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Á árinu 2018 var farið fram úr urðunarheimild samkvæmt starfsleyfi og því varð að fara í vinnu við matsáætlun en óskað er eftir 25.000 tonna heimild. Þann 12. mars var haldinn kynningarfundur um matsáætlun í Lyngbrekku á Mýrum. Finnbogi Leifsson stjórnarmaður og íbúi í nágrenni urðunarstaðarins var einn fundarmanna. Hann ræddi starfsemina og hvernig hún gengi en fok væri umtalsvert mikið. Vilji stjórnar væri að taka á þeim vanda.

Finnbogi ræddi móttöku úrgangs frá suðurlandi. Taldi vanda þeirra ekki sæmandi og vonaðist til að mál þeirra komist í gott horf hið fyrsta. Hann sagði sig hafa verið á móti því að taka á móti 2.500 tonnum frá þeim en stjórn hefur samþykkt samkomulag þar um.

Kristinn kom inn á gjaldskrá félagsins. Fjármagn væri til í sjóði til fjárfestinga en í seinni tíð hefði félagið átt fyrir fjárfestingum. Hann taldi að hækka þurfi gjaldskrána.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að stjórnarlausn taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Formanns laun verði 5% eða 55.060 kr og aðrir stjórnarmenn kr. 27.540. ½ dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Engar

5. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Gerð tillaga um að 35% arður verði greiddur til eigenda félagsins. Samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir
Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Finnbogi Leifsson
Karitas Jónsdóttir
Kristinn Jónasson
Sævar Jónsson
Unnur Þóra Sigurðardóttir

Borgarbyggð
Dalabyggð
Borgarbyggð
Akraneskaupstaður
Snæfellsbæ
Akraneskaupstaður
Grundarfjarðarbær

7. Kosning löggilts endurskoðanda.

Gerð tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins. Samþykkt.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Kristinn Jónasson lagði fram ályktun fundarmanna í Lyngbrekku frá 12. mars sl. (Sjá nánar lið 2)

Hann ræddi lausnir úrgangsmála sem oft á tíðum eru afar kostnaðarsamar. Koma þyrfti á lausn sem allir eru sáttir við. Í framhaldinu var rætt um möguleika sveitarfélaga til framsækni á sviði úrgangsmála.

Formanni og framkvæmdastjóra var falið að boða til fundar með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna með haustinu þar sem fengin farið yrði yfir þau verkefni sem bíða sveitarfélaga á Vesturlandi í sorpmálum á næstu árum. Þar yrði reyna að horfa til næstu 10 – 20 ára er varðar lausnir í þeim málum. Mikilvægt er að sveitarfélög móti sér sameiginlega stefnu hvert skuli stefna og lausnir unnar út frá því.

Að lokum þakkaði formaður stjórn og starfsmönnum félagsins gott samstarf.

Fundi slitið kl. 14:30.

Fundarritari: HBJ

SKÝRSLA STJÓRNAR

Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2019

Sorpurðun Vesturlands er hlutafélag í eigu sveitarfélaganna á Vesturlandi. Starfsemi fyrirtækisins fer fram í Fíflholtum á Mýrum og felst í móttöku og urðun á úrgangi sem þangað er fluttur af öllu Vesturlandi auk móttöku úrgangs frá sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Árið 2018 er fimmtánda árið sem Sorpurðun Vesturlands hf. skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að grænu bókhaldi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar.

Samtals voru urðuð 15.457 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2018. Af því magni komu 2.581 tonn frá Vestfjörðum. Frá Vesturlandi bárust því 11.345 tonn. Magn timburkurla á árinu var 2.116 tonn en það er notað til yfirlags í urðunarreinum. Notkun timburkurla er það sama og áður. Heildarmagn móttækis úrgangs og yfirlags er því 17.573 tonn

Í árslok 2018 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í rúm 19 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 203.388 tonn. Þar af hafa 76.767 tonn verið urðuð í rein 4, sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag.

Á árinu 2018 var mold og timburkurl notað sem yfirlag á urðunarreinina. Samkvæmt starfsleyfi er skylt að byrgja samdægurs úrgang sem lagður hefur verið í urðunargryfju. Mikið magn efnis þarf til og hefur timburkurl verið notað í þeim tilgangi að spara jarðveg.

Miklu magni af efni hefur verið ekið til yfirlags urðunarreinar nr. 4. Gassöfnunarkerfi var lagt í nyrsta hluta reinarinnar á haustmánuðum og krafðist lagning þess aukins yfirlagsefnis.

Núgildandi starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum gildir til ársins 2028. Einnig eru í gildi fyrirmæli Umhverfisstofnunar, dags. 11. júní 2014, um frágang á vöktun eldri urðunarstaðarins á svæðinu. Vöktun urðunarstaðanna tveggja er aðskilin, en skv. grein 1.8 í fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun eldri staðarins er heimilt að samnýta mælingar vegna beggja staðanna. Fylgst hefur verið með efnainnihaldi sigvatns frá eldri urðunarstaðnum frá upphafi og til er yfirlit yfir greiningarnar frá og með árinu 2002.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf., hefur annast sýnatökur í Fíflholtum og unnið úr niðurstöðum þeirra. UMÍS skilar Sorpurðun Vesturlands sýnatökuskýrslu fyrir hvert skipti sem sýni eru tekin og er hluti sýnatökuskýrslunnar birtur sem hluti af grænu bókhaldi ársins 2018.

Hreinsikerfi urðunarstaðanna hvors um sig samanstandur af fituskilju og síubeði. Bæði kerfin voru endurnýjuð á árinu 2016 og sigvatni hleypt í þau í október það ár. Fljótlega fór að bera á vandamálum í hreinsikerfi nýrri urðunarstaðarins (rein 4). Fljótlega varð ljóst að stífla hafi myndast í síubeðinu. Í framhaldi af því var ákveðið að veita

uppsöfnuðu yfirborðsvatni út í útrásarskurð um yfirfall frá tengibrunni. Þessu verki var lokið um miðjan desember 2016 og komst vatnsstaðan fljótt í eðlilegt horf. Í byrjun árs 2017 var Gunnar Svavarsson, hjá verkfræðistofunni EFLU, fenginn til að rýna hönnun hreinsivirkisins og setja fram tillögur til úrbóta. Niðurstaðan varð að gera þyrfti verulegar breytingar á síubeðinu og var það tekið upp sumarið 2017.

Í bréfi frá umhverfisstofnun er greint frá því að við eftirlit í Fíflholtum 5. júní 2018 hafi komið fram frávik frá grein 3.3. í starfsleyfi þar sem sigvatn „sem fer um yfirfall er ekki leitt í gegnum setubeð heldur einungis í gegnum olíuskilju“. Því teljist „vatn sem fer út um yfirfall ekki vera hreinsað með fullnægjandi hætti.

Sorpurðun Vesturlands hf. fór þess á leit að tilkynning Umhverfisstofnunar um framgreint frávik yrði afturkallað þar sem talið var að umrædd ráðstöfun yfirfallsvatns uppfylli þau skilyrði sem sett eru í grein 3.3. í starfsleyfinu. Jafnframt verði eftirlitsskýrslu, dags. 13. ágúst 2018, breytt til samræmis og krafa um tímasetta útbótaáætlun felld niður. Rökin voru m.a. þau að:

Yfirfall tekur aðeins við útþynntu vatni og aðeins þegar úrkoma er mikil. Eðlilegt er að taka mið af ákvæðum fráveitureglugerðar við útgáfu og túlkun starfsleyfa.

Bent var m.a. á að vatn færi aðeins út um umrætt yfirfall nema þegar úrkoma er mikið og siturbeð urðunarstaðarins tekur við öllu því sigvatni sem verður til í úrgangshaugnum í urðunarreininni.

Í bréfi dags. 21. september var útbótaáætlun samþykkt og ber rekstraraðila að skrá daglega hvort vatn fer út á yfirfalli. Með þeim hætti má vita hversu hátt hlutfall þeirra daga er sem vatn fer út á yfirfalli og hvernig samsetning þess er. Rekstraraðili skal senda niðurstöður efnamælinga á sigvatninu til Umhverfisstofnunar um leið og þær berast.

Samstarf sorpsamlaganna á SV-horni landsins hélt áfram á árinu. Framundan er vinna við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Þann 26. apríl 2018 var undirrituð viljayfirlýsing milli sorpsamlaganna á suðvesturhorni landsins þar sem stjórnir félaganna lýsa því yfir eindregnum vilja að vinna enn frekar að samstarfsmálum og mögulega eftir atvikum sameiningarmálum í huga og hagsmuni heildarinnar í huga og mun ég koma inn á þau mál frekar á eftir.

Á fundi stjórnar Sorpurðunar Vesturlands 20. október 2017 var samþykkt að ganga til samninga við ReSource International um hönnun á gassöfnunarkerfi í urðunarrein 4, þó með þeim fyrirvara að fyrirhugaður kyndill/brennari stæðist íslenskar aðstæður. Unnið var að verkefninu á árinu 2018. Unnið var að undirbúningi og lagningu söfnunarkerfisins allt árið en um mitt ár fór verkefnið af stað í Fíflholtum af meiri krafti. Það var svo 24. nóvember sem kveikt var upp í kyndlinum og verið er að prufukeyra kyndilinn en fyrstu dagar lofa góðu.

ReSource International verkfræðistofa hefur jafnframt tekið yfir mánaðarlegar mælingar á útstreymi hauggass úr gasrörum á urðunarsvæðinu.

Á árinu 2012 hófust rannsóknir í Fíflholtum á oxun metans í yfirborðslagi urðunarreinanna. Tilgangur rannsókna hefur annars vegar verið að meta í hve miklum mæli örverur í yfirborðsjarðvegi ná að oxa metan sem streymir úr haugunum

og hins vegar að vakta þessa oxunarvirkni við mismunandi veðurfarsaðstæður. Gasmælingar í yfirborði reinanna voru fyrst framkvæmdar á tímabilinu ágúst 2012 – ágúst 2013 sem hluti af rannsóknarverkefni við Háskóla Íslands í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Sorpurðun Vesturlands og EFLU verkfræðistofu. Í ágúst 2014 var bætt við mælireitum og mælingum þeim fjölgað til að fá betri upplýsingar um virkni núverandi yfirborðslags til að oxu metan í hauggasi, sem og um hlutfall metans sem raunverulega losnar í andrúmsloftið frá reinum. Mælingar hafa verið gerðar mánaðarlega sem fyrr segir. Gerð hefur verið grein fyrir framgangi verkefnisins í grænu bókhalði Sorpurðunar Vesturlands hf. frá upphafi þess.

Þegar ljóst var að urðun í Fíflholtum stefndi fram úr því hámarki sem tilgreint er í starfsleyfi (15.000 tonn á ári) var sótt um stækkun á starfsleyfinu upp í 20.000 tonn. Þetta var gert með erindi til Umhverfisstofnunar, dags. 7. september 2018. Í svari Umhverfisstofnunar, dags. 26. september 2018, kom fram að stofnunin teldi nauðsynlegt að Sorpurðun Vesturlands hf. sendi erindi til Skipulagsstofnunar til að fá álit stofnunarinnar á því hvort umrædd breyting kalli á nýtt mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Sorpurðun Vesturlands hf. sendi Skipulagsstofnun erindi, dags. 15. október 2018, þar sem tilkynnt var að fyrirhugað væri að auka urðun í landi Fíflholta á Mýrum úr 15.000 tonnum á ári í 20.000 tonn á ári. Í erindinu var þeirri spurningu beint til Skipulagsstofnunar hvort aukin urðun rúmaðist innan þess umhverfismats sem fór fram árið 1997 eða hvort nauðsynlegt væri að meta umhverfisáhrifin að nýju. Í svari Skipulagsstofnunar 29. október kom fram að þar sem aukning urðunar úr 15.000 tonnum á ári í 20.000 tonn á ári sé yfir viðmiðunarmörkum fyrir matsskyldu teljist hún framkvæmd sem þurfi að gangast undir mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 5. gr. laganna. Í framhaldi af þessu var hafist handa við undirbúning umhverfismats fyrir verkefnið. Sótt var um undanþágu frá starfsleyfi vegna þeirrar stöðu sem upp var komin og hafnaði ráðuneytið henni á þeim forsendum að Umhverfisstofnun tæki á framúrkeyrslu vanda úrgangs til urðunar í eftirliti.

Á stjórnarfundum Sorpurðunar Vesturlands hf. þann 6. desember var samþykkt að fara í vinnu við nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir urðunarstaðinn og miða við 25 þúsund tonn.

Samkvæmt starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum, skulu reglulega tekin sýni úr sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti við urðunarstaðinn til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá staðnum kann að berast. Sýnin skulu greind með tilliti til tiltekinnna umhverfisþátta samkvæmt sérstakri mælingaáætlun sem er hluti af starfsleyfinu.

UMÍS ehf. hefur annast sýnatöku og mælingar á grunnvatnsstöðu og rennsli við urðunarstaðinn í Fíflholtum frá því að hann var tekinn í notkun í ársbyrjun 2013, en áður hafði UMÍS séð um sams konar eftirlit við eldri urðunarstað í Fíflholtum frá því í júní 2005. Því eftirliti hefur verið fram haldið eftir lokun staðarins.

Auk sýnatöku úr sigvatni eru reglulega tekin sýni af grunnvatni úr þremur þar til gerðum borholum í klöppum ofan og neðan við urðunarstaðinn, en þessar holur voru boraðar á árunum 2011 og 2012. Vatni er þá dælt upp úr holunum til að ná sýnum en djúpt er

niður á grunnvatn á þessum stöðum. Grunnvatnsstaða í þessum holum er jafnframt mæld tvisvar á ári í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Frá og með haustinu 2015 hefur grunnvatnsstaða verið mæld í þremur borholum ofan og neðan við urðunarstaðinn og verður grunnvatnsstaða í þessum holum framvegis mæld tvisvar á ári í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Lokið var við að stækka og endurbæta girðingu sunnan við urðunarstaðinn. Þar með er stærstur hluti urðunarsvæðisins skv. skipulagi orðinn innan girðingar, auk þess sem dregið hefur verið úr hættu á að sauðfé fari sér að voða í djújum sem lengi hafa verið til staðar í mýrinni syðst á svæðinu.

Rekstur Sorpurðunar Vesturlands gekk vel á liðnu ári en Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri mun fara yfir hann hér á eftir.

Í lokin þá er það þrennt sem ég vil koma inn á í þessari skýrslu minni, en það er urðunarstaðurinn í Fíflholtum, aðkoma okkar að sorpmóttöku frá Suðurlandi tímabundið og loks framtíðarlausnir í sorpmálum.

Varðandi urðunarstaðinn þá höfum við lagt okkur fram um að reyna að hafa umgengni eins góða og hægt er hverju sinni og hefur það tekist að mestu leyti nema hvað fok hefur verið of mikið og þá aðallega innan urðunarsvæðisins og þar þurfum við að bæta úr. Við höfum nú þegar ákveðið að bæta við girðingum sem settar verða upp mjög fljótlega og er það von okkar að þær muni fanga betur það sem frá urðunarreininni kemur. Við munum halda áfram að planta trjám á svæðinu en það er mjög gott m.a. til að fanga það rusl sem fýkur á svæðinu og jafnframt er það einnig gott fyrir svæðið. Við munum halda áfram að fara yfir svæðið og týna upp það rusl sem fokið hefur frá okkur. Við höfum eytt ref og fuglum á svæðinu og munum halda því áfram, það hefur gengið ágætlega að eyða ref á svæðinu og þökkalega með fuglinn en þar þurfum við þó að bæta okkur.

Varðandi þann þátt að við skildum ákveða að taka á móti sorpi frá Suðurlandi þá er sagan á bak við það þessi. Til okkar var leita eftir að Sorpa hætti um áramótin að taka á móti sorpi frá Suðurlandi. Við sögðum strax að við gætum því miður ekki orðið við því þar sem urðunarstaðurinn hjá okkur væri nú þegar kominn yfir þau mörk sem starfsleyfið leyfir og það magn sem fellur til á Suðurlandi væri alltof of mikið þannig að við gætum gert þetta en um 15.000 tonn falla til hjá þeim árlega.

Eitt leiddi af öðru og m.a. var að haldinn var fundur í Umhverfisstofnun með málsaðilum og inn voru komnir fulltrúar frá Norðurá sem er sorpmóttökufyrirtæki á Norðurlandi Vestra. Farið var yfir þá alvarlegu stöðu sem upp var komin, þ.e. að engin lausn væri á næstu mánuðum fyrir Suðurland að losna við sorpið fyrr en í fyrsta lagi í haust. Til að gera langa sögu stutta þá kom fram tillaga á fundinum að Norðurá og Sorpurðun Vesturlands myndu í sameiningu taka við 2500 tonnum hvert fyrirtæki fyrir sig sem hluti af lausn, á meðan unnið væri að lausn málsins, en öllum var ljóst að um neyðarástand var/er að ræða. Stjórn Sorpurðunar tók þessa tillögu síðan fyrir á fundi sínum og samþykkti að gera þetta en rétt er að það komi fram að einn stjórnarmann greiddi á atkvæði móti þeirri tillögu. Okkur í stjórn var full ljóst að þetta er ekki það sem við höfum stefnt að gera í okkar rekstri en við máttum það þannig að við gætum ekki skorist undan að leysa málið tímabundið því í raun er engin önnur lausn til að leysa

málið. Vel getur verið að sveitarfélögin á Suðurlandi hafi átt að vera búin að finna farveg fyrir sitt sorp en þau voru/eru ekki búin að gera það og það er staðreynd málsins.

Varðandi framtíðina í sorpmálum hjá okkur á Vesturlandi þá held ég að við verðum að setjast niður og móta okkur stefnu í þeim málum til næstu tveggja áratuga. Við höfum verið í samstarfi við höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Suðurland m.a við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Sorpa er núna að byggja jarðgerðarstöð sem við getum hugsanlega fengið aðgang að í skiptum fyrir hugsanlega urðun á óvirkum úrgangi. Það er mín skoðun að það þurfi að horfa til alls landsins hvað sorpmál varðar og skoða styrkleika hvers svæðis, þ.e. hvað getum við gert til að koma að þessum málum og hvert getum við leitað með þær lausnir sem við þurfum á að halda. Ég held að sá tími sem hver og einn geti séð um allt sjálfur sé liðinn og alvöru lausnir verði ekki til nema í miklu og góðu samstarfi.

Mínar áhyggjur snúa einnig af áhugaleysi sveitarstjórnarmann fyrir þessu máli og ég held að þeir geri sér enga veginn grein fyrir hvaða verkefni bíða okkar/þeirra á næstu árum varðandi sorpmálin. Það er ábyrgðarhlutur að bíða og gera ekki neitt og hugsanlega lenda í þeirri stöðu sem Sunnlendingar eru nú í. Það er alltaf verið að auka kröfurnar og t.d. er rætt um að bannað verði að urða lífrænan úrgang eftir árið 2021 og hvað ætla menn þá að gera. Eru sveitarfélögin þegar farin að flokka lífræna úrganginn frá eða eru með áætlanir um það svo eitthvað sé nefnt. Það að ætla t.d. að stóla á það að flytja sorpið út úr landi til förgunar er óraunhæft að mínu mati, því mig grunar að það muni ekki líða mjög langur tími að ríki muni banna móttöku á sorpi nema sorpi til endurvinnslu, fyrir utan það hvað slíkar lausnir muni kosta og kolefnissporið sem því fylgir. Við þurfum sjálf að vera með lausnir innanlands og þær verða ekki fundnar nem í miklu og góðu samráði sveitarfélaga.

Nóg um þetta.

Staða Sorpurðunar Vesturlands fjárhagslega er mjög sterk og það að við eigum jörðina Fíflholt mun án efa setja okkur í mjög góða stöðu á næstu árum þegar við förum að skipuleggja sorpmál svæðisins í samstarfi við önnur sveitarfélög í öðrum landshlutum en jörðin hentar einstaklega vel í það hlutverk að taka á móti sorpi til urðunar hvernig sem samsetning sorpsins mun líta út þegar fram líða stundir.

Hrefnu framkvæmdastjóra og starfsmönnum í Fíflholtum vil ég þakka sérstaklega fyrir þeirra vinnu fyrir fyrirtækið.

Læt ég hér lokið skýrslu stjórnar.